



Landsmót SÍSL í Breiðholti

A og B sveitir
27. – 29. apríl 2018

Til áréttingar fyrir þátttakendur á landsmóti

Komið öll sæl og blessuð.

Alls skráðu sig 575 hljóðfæraleikarar og 103 fararstjórar eða samtals 678 manns á landsmótið í Breiðholti dagana 27. - 29. apríl.

Undirbúningur hefur staðið í heilt ár og af fullum krafti frá áramótum. Við vonum að þetta verði skemmtilegt og fróðlegt mót og okkur öllum til sóma.

Tilgangur þessa bréfs er að koma til foreldra og mótsfaranna sjálfra, sem bestum upplýsingum um mótið.

Hér eru nokkrir mikilvægir punktar:

Gisting: Gisting er í skólastofum og þurfa því allir að hafa með sér dýnu eða vindsæng til að sofa á og svefnpoka eða sæng til að sofa undir og lak til að breiða yfir dýnuna. Gist er í Fjölbautarskólanum í Breiðholti og í Hólabrekkuskóla.

Matur: Innifalið í mótsgjaldi eru allar máltíðir á meðan á mótinu stendur, ásamt kaffitímum og kvöldhressingu. Það á enginn að þurfa að vera svangur á mótunum og ekki er þörf á að hafa með sér nesti.

Sælgæti: Við miðum við að krakkarnir séu ekki með sælgæti á landsmótum, nema á tilgreindum tímum. Á landsmótinu er ball á laugardagskvöldinu og nammitíminn er því eftir kvöldmat á laugardeginum. Þar sem landsmótið er hnetulaust er alveg bannað að koma með sælgæti sem inniheldur hnetur.

Fatnaður: Hafið með ykkur góð útiföt, því það þarf að ganga einhvern spöl á milli staða og fara í ratleik utandyra. Skoðið veðurspána og klæðið ykkur í samræmi við hana. Á æfingunum þarf bara venjulegan (inni-) klæðnað og gott er að hafa inniskó með sér. Hafið með ykkur sundföt því það er farið í sund á laugardegnum

Á lokatónleikunum eru krakkarnir í stuttermabolum sem þau fá afhenta á mótinu. Bolirnir eru í sömu litum og heiti hljómsveitanna, þ.e. gulir bolir fyrir gula sveit og svo framvegis.

GSM símar: Þeir sem eiga slík galdratöl mega hafa þau meðferðis en við mælum miklu frekar með því að geyma þessi tæki heima. Það verður að vera slökkt á þeim á öllum æfingum og tónleikum. Símar og öll önnur tæki eru alfarið á ábyrgð eigenda sinna.

Fararstjórn: Í ferðum á landsmót eru alltaf fararstjórar úr hópi foreldra með hverri sveit. Auk þess sjá mótshaldarar um almenna gæslu á gististöðum og í æfingahúsnæði. Fararstjórar fylgja sínum hópum á samæfingar og á aðra viðburði á mótinu, fara með í sund og fylgjast með börnunum í frjálsum tímum. Mikilvægt er að þeir séu til staðar á samæfingunum og aðstoði þar eftir bestu getu.

Skipulag hljómsveita:

Þátttakendum verður skipt í sjö stórar (75-120 manna) lúðrasveitir, sem hver um sig æfir þrjú til fimm lög til að spila á lokatónleikunum. Skipt er í sveitirnar út frá aldri og kunnáttu, svo allir fái helst að spila með sínum jafningjum. Allir þátttakendur eiga að vita í hvaða sveit þau spila áður en haldið er á mót og er það í höndum stjórnanda hvers sveitar að koma þeim upplýsingum til skila. Grunnskiptingin er í fjóra liti, gulan, rauðan, grænan og bláan.

Dagskrá

Landsmót skólalúðrasveita er þriggja daga mót, hefst á föstudagskvöldi og lýkur upp úr hádegi á sunnudegi.

Föstudagur

Á föstudaginn þegar komið er á mótið mætir hver hljómsveit í sinn gistiskóla. Fyrst fer einn fararstjóri og eða stjórnandi í skráninguna og sækir þau gögn sem tilheyra hljómsveitinni. Leiðsögumaður mun síðan vísa ykkur á þær skólastofur sem sveitin hefur til umráða yfir helgina. Gist er í tveimur skólum sem eru hlið við hlið og heita Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Hólabrekkuskóli. Allar máltíðir eru í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti (FB), en morgunhressing og miðdegiskaffi er á æfingastað hvers sveitar.

Þegar sveitin hefur komið sér fyrir í skólastofunum eiga nemendur að fara í hljómsveitarbolinn og setja á sig armband í réttum lit. Síðan er farið í myndatöku í FB.

Þegar allir hafa komið sér fyrir á gistingu og snætt kvöldverð er stutt æfing á æfingastöðunum. Að því loknu er mótssætning í íþróttahúsinu í Austurbergi. Þar mun Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts halda uppi fjörinu ásamt brasskvintettinum Lúðraflokki Lýðveldisins. Eftir mótssætningu er boðið upp á kvöldhressingu og svo beint í bólið.

Laugardagur

Dagskrá laugardagsins er löng og ströng.

Allir hópar æfa saman lögin sín á samæfingum yfir daginn og fara þess á milli í sund og ratleik og fylgjast með töframanni leika listir sína. Boðið er upp á morgunhressingu og síðdegiskaffi á æfingastað en morgunverður, hádegis- og kvöldmatur er framreiddur í FB. Vinsamlega virðið tímasetningar á matmálistímum, það er mjög mikilvægt!.

Sundferðin er í sundlaugina sem er alveg við hliðina á FB.

Sýning Sirkus Íslands er í FB

Ratleikur er utandyra á svæðinu í kring um skólana okkar.

Á laugardagskvöldinu er ball í Íþróttahúsinu Austurbergi sem hefst klukkan 20:00. Um klukkan 21:00 koma þeir félagar Jói Pé og Króli og skemmta og síðan heldur diskótekið Dísu uppi fjörinu til klukkan 22:00.

Sunnudagur

Á sunnudaginn hefjast æfingar klukkan 10 og standa til hádegis.

Þá sameinast litasveitirnar í 150-200 manna hljómsveitir og æfa saman þau lög sem spiluð verða á lokatónleikunum.

Í hádeginu verður stillt upp fyrir tónleika sem hefjast klukkan 13:00

Tónleikarnir verða í íþróttahúsinu Austurbergi. Við gerum ráð fyrir að tónleikarnir standi ekki lengur yfir en eina klukkustund. Tónleikarnir eru öllum opnir og er aðgangur ókeypis.

Hljóðfæraleikarar á mótinu sitja á gólfi íþróttahússins á meðan á tónleikunum stendur en fara ekki upp í áhorfendastæðin. Fararstjórar aðstoða við að halda börnunum rólegum.

Þegar tónleikunum er lokið er hljóðfærarleikurunum boðið upp á hressingu (sem hægt er að taka með sér) og allir hverfa á braut.